



Verð á olíu komið yfir 70 Bandaríkjadali

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað um nálægt 34% það sem af er ári eftir verulega lækkun undir lok síðasta árs. Verð á Brent-olíu fór í tæpan 71 Bandaríkjadal á fatið í byrjun apríl en verðið hafði ekki farið yfir 70 dali síðan 12. nóvember síðastliðinn. Frá þeim tímapunkti fór verðið lægst niður í rúma 53 dali í lok árs en hefur hækkað síðan. Verðið var um 61 dalur í byrjun febrúar en upp úr miðjum febrúar fór verðið að hækka nokkuð skarpt og var komið í 67 dali 22. febrúar. Verðið um þessar mundir er þó ekkert sérstaklega hátt í sögulegu samhengi, en meðalverð síðustu 10 ára er 80,4 dalir.


10% hækkun olíuverðs hækkar bensínverð að jafnaði um 3,7%

Mest af útsöluverði bensíns hér á landi eru föst krónutölugjöld og skattar og því hækkar innlent bensínverð á fólksbíla hlutfallslega mun minna við gefna hækkun heimsmarkaðsverðs olíu. Áhrif af hækkun heimsmarkaðsverðs olíu hefur sögulega séð komið inn í verð bensíns í sama mánuði en einnig með eins mánaðar töl. Um það bil 1/3 áhrifanna koma fram í sama mánuði en 2/3 hlutar um mánuði seinna. Þetta helgast að mestu leyti af þeirri töl sem verður milli verðbreytingarinnar og þess að olían berst til landsins. Sú sala sem fram fer í dag er því af bensíni sem flutt var inn fyrir nokkrum vikum síðan.

Tölfræðigreining á sambandi heimsmarkaðsverðs olíu og bensínverðs hér á landi frá árinu 2015 gefur til kynna að 10% hækkun heimsmarkaðsverðs olíu hafi í för með sér 1,4% hækkun bensínverðs í sama mánuði og um 2,3% hækkun í næsta mánuði á eftir. Heildarhækkunin er því um 3,7%.

Olíuinnflutningur um 14% af heildarinnflutningi

Umtalsverður hluti innflutnings til landsins er í formi olíu og því hafa breytingar á verði olíu áhrif á viðskiptakjör, gengi krónunnar og verðbólgu, svo eitthvað sé nefnt. Heildarinnflutningsverðmæti á hvers kyns olíu sem flutt var til landsins á síðasta ári nam um 115 mö.kr. Til samanburðar nam heildarinnflutningur tæpum 830 mö.kr. og var olíuinnflutningur því 13,8% af heildarinnflutningi.






Innflutningur á þotueldsneyti nam 64,6 mö.kr. sem gerir um 56,3% af heildarinnflutningi olíuafurða. Þar á eftir kemur gasolía, sem er notuð á íslenska skipaflotann, en innflutningur á henni nam 26,6 mö.kr., eða 23,1%. Brennsluolía nam 11,9 mö.kr., eða 10,3%, en þar á eftir kemur annað bensín með 10,4 ma.kr., eða 9%.


Minni olíuinnflutningur vegna gjaldþrots WOW air

Sé litið til innflutningsþróunar á einstökum eldsneytistegundum er áberandi mikil aukning innflutnings á þotueldsneyti, sem hefur margfaldast síðustu ár. Innflutningur á þotueldsneyti hefur nánar tiltekið tæplega 7-faldast frá árinu 2010 en til samanburðar hefur innflutningur á brennsluolíu aukist um 124%, en hann hefur aukist næstmest á eftir þotueldsneyti. Árið 2010 nam innflutningur þotueldsneytis um 10,8 mö.kr., eða um 19,2% af heildarinnflutningi olíu, en margföldun á fjölda erlendra ferðamanna á síðustu árum hefur margfaldað innflutning á þotueldsneyti. Töluvert stóran hluta af innflutningi þotueldsneytis á síðasta ári má rekja til starfsemi WOW air sem nú hefur hætt starfsemi. Að öðru óbreyttu má því gera ráð fyrir talsverðum samdrætti í innflutningi þotueldsneytis á þessu ári. Minni innflutningur á olíu mun því líklega vega upp á móti áhrifum hækkunar eldsneytisverðs á gengi krónunnar og verðbólgu.

Innflutningur á olíuafurðum 2018



Aukning í innflutningi olíu milli 2010 og 2018



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.